

ALPINGI ÍSLENDINGA
Ágústa H Lárusdóttir
Pórshamar við Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Eindli nr. Þ 118 / 1180
komudagur 16 / 2 1995



ALHLÍÐA ÖRYGGISÞJÓNUSTA
Pósthólf 1101 - 121 Reykjavík
sími 91-29399 - fax 624105

VARI - SECURITY SERVICES
P.O. Box 1101 - IS-121 Reykjavík - Iceland
Tel.: +354 1 29399 - Fax: +354 1 624105

Reykjavík 14.2.95

Varðar umsögn um frumvarp til laga 335. mál

Frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun tekur á ákaflega brýnu máli í öryggisaðbúnaði landsmanna og ferðamanna. Ég fagna því fyrir hönd VARA hf að fá frumvarpið til að gera athugasemdir við það þó fresturinn sé skammur.

- 1 Fyrri hluti 3. gr frumvarpsins fjallar um stofnun og rekstur vaktstöðvar og heimilar hún hlutafélagi að annast reksturinn og einkaaðilum þátttöku í því. Hér vil ég leggja áherslu á að nú þegar eru starfandi amk tugur vaktstöðva opinberra aðila og einkaaðila með þjálfun og hefð í viðbrögðum við neyðarboðum. Margir starfsmenn þeirra uppfylla nú þegar ríkar kröfur sem þarf að gera til vaktstöðvarstarfsmanna um menntun og reynslu ma í skyndihjálp og samtalstækni. Orðalag þessarar greinar mætti hvetja frekar en nú er til að nýta þann mannauð sem nú starfar að neyðarsímsvörun.
- 2 Seinni hluti 3. gr frumvarpsins fjallar um þjónustu vaktstöðvar við neyðarþjónustuaðila og vöktun aðvörunarkerfa sem myndi þá verða seld út skv gjaldskrá. Nú þegar reka amk 2 einkaaðilar vaktstöðvar sem annast slíka þjónustu og hefur Samkeppnisráð ályktað um að opinberar vaktstöðvar skuli aðskilja í rekstri sínum samkeppnisþjónustu frá lögbundinni vaktþjónustu. Vaktstöð neyðarnúmers væri af ofangreindum ástæðum hagkvæmast rekin ef um hana væri stofnað hlutafélag þar sem núverandi vaktstöðvar gætu lagt fram þekkingu og sameinað rekstri sínum. Orðalag þessarar greinar mætti endurskoða með tilliti til þess að samkeppnisrekstur samrýmist illa vaktstöð sem alfarið er rekin af opinberum aðilum.
- 3 5. grein frumvarpsins fjallar þjónustu fyrir viðbragðsaðila og kröfur sem gerðar eru til þeirra. Engin reglugerðar- eða lagaákvæði eru til um rekstur öryggisfyrirtækja og annarra aðila sem veita neyðarþjónustu. Eðlilegt er að gera þær kröfur til þeirra aðila sem vaktstöð svarar fyrir að þeir njóti viðurkenningar dómsmálaráðuneytisins eða uppfylli fyrirfram setta staðla um vinnubrögð, starfsskipulag og viðbragðstíma. Orðalag þessarar greinar mætti veita vaktstöð betri stuðning í að meta hvaða aðilar eru í stakk búnir til að veita aðstoð.

Viðfangarfullt

Viðar Ágústsson
framkvæmdastjóri